



Lúxemborg, 15 Júlí 2021

## FRÉTTATILKYNNING 11/2021

**Dómur í máli nr. E-9/20 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi**

### **SKILYRÐI UM BÚSETU OG RÍKISFANG STJÓRNENDA FÉLAGA Í NORSKUM LÖGUM Í BÁGA VIÐ EES-RÉTT**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag féllst EFTA-dómstóllinn að hluta til á kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) í máli sem stofnunin höfðaði á hendur Noregi. Með dómi sínum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tiltekin ákvæði norskra laga brytu í bága við 31. gr. EES-samningsins um staðfesturétt.

Þau ákvæði norskra laga sem um ræðir gera hvoru tveggja búsetu og ríkisfang í EES-ríki að skilyrði til að gegna stöðu framkvæmdastjóra og krefjast þess að a.m.k. helmingur stjórnarmanna í einkahlutafélögum, hlutafélögum og fyrirtækjum á fjármálamarkaði, meðlimir eftirlitsstjórnar í tilviki hlutafélaga („stjórnendafyrirkomulagið“) og stofnendur fyrirtækja á fjármálamarkaði („stofnendafyrirkomulagið“) uppfylli sama skilyrði.

Að því er varðar stjórnendafyrirkomulagið komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að samanlögð krafa um hvoru tveggja búsetu og ríkisfang í EES-ríki teljist óréttmæt skerðing á staðfesturéttinum. Noregur hélt því fram að stjórnendafyrirkomulagið miði að því að tryggja skilvirka fullnustu skaðabóta- og refsíabyrgðar stjórnenda félaga. EFTA-dómstóllinn taldi að það að tryggja fullnustu dóma væri sem slíkt lögmætt markmið sem gæti réttlætt ráðstöfun sem takmarkar staðfesturéttinn, en að samanlagða krafan sem hér um ræðir væri hvorki til þess fallin né nauðsynleg til að ná því markmiði. Samanlögð krafa sem þessi tryggir ekki að unnt sé að tryggja fullnustu skaðabóta- og refsíabyrgð stjórnenda félaga á mótsagnalausun og kerfisbundinn hátt. Þar sem Noregur álitur búsetu í Noregi nægjanlega til að ná því markmiði, telst samanlögð krafa um búsetu og ríkisfang í EES-ríki hvorki til þess fallin né nauðsynleg til að ná umræddu markmiði.

Hvað varðar stofnendafyrirkomulagið, taldi EFTA-dómstóllinn að skilyrðið um búsetu innan EES fæli í sér takmörkun á staðfesturéttinum samkvæmt 31. gr. EES-samningsins. Að því er varðar réttlætingu á þeirri takmörkun, hafði Noregur ekki fært fram neina réttlætingu, heldur aðeins haldið því fram að stofnendafyrirkomulagið hefði ekki lengur neitt hagnýtt gildi samkvæmt norskum lögum og að lagt yrði til við norska Stórþingið að ákvæðin yrðu felld úr gildi.

Að því er varðar aðrar málsástæður ESA, sem byggðar voru á 28. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 um frjálsa för launafólks, var málinu vísað frá.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.